

Ályktun um umhverfismál

45. Þing BSRB skorar á stjórnvöld að uppfylla þau markmið sem þau hafa skuldbundið sig til á alþjóðavettvangi og hefja vinnu við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum.

BSRB skorar á sveitarfélög um land allt að bæta og samræma sorphirðu og flokkun til að minnka sorp til urðunar og koma til móts vaxandi umhverfisvitund almennings.

BSRB skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því að minnka plastnotkun í framleiðslu og iðnaði umtalsvert og hvetja til notkunar umhverfisvænna umbúða í stað plastpoka í verslunum.

BSRB gerir þær kröfur að atvinnurekendur sjái til þess að starfsfólk búi við umhverfisvænar vinnuaðstæður í starfi sínu og geri starfsfólki kleift að nota vistvæna samgöngumáta á leið í og úr vinnu og í vinnutíma, til dæmis með því að bjóða starfsfólki samgöngustyrki og/eða aðgang að vistvænum farartækjum.